

30. apríl 1981.

27

Nr. 12.

## L Ö G

um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé má ekki hækka fram til 31. desember 1981 frá því sem það var 30. apríl 1981, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neinar hækkunar umfram brýnustu nauðsyn. Miða skal verðlagsáskvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Leyfi til verðhækkana innan þeirra marka sem ríkisstjórnin setur hverju sinni tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskiptaráðherra. Sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram hin settu mörk tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

#### 2. gr.

Fari aðili eða samtök aðila ekki að fyrirætlum rétttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirætlunum.

Ákvæði III. kafla laga nr. 18 frá 22. mars 1949 um kyrrsetningu og lögbann taka og til lögbanns samkvæmt þessari grein eftir því sem við á.

#### 3. gr.

Í 1. gr. B laga nr. 77 23. des. 1980 um vörugjald komi 17% í stað 30% frá 1. maí 1981. Fyrir tímabilið 1. mars til 30. apríl 1981 skal fjármálaráðherra heimilt að lækka eða endurgreiða vörugjald þetta um fjárhæð sem nemur allt að 1/6 hluta gjaldsins.

Við innheimtu vörugjalds af innfluttum vörum, sem ekki hafa verið tollafgreiddar við gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

#### 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjárlaga ársins 1981 svo og sérstakra laga, sem gilda um einstaka útgjaldaliði, er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 milljón króna.

## 5. gr.

Drátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögnum.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 30. apríl 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.